



**Byggðaráð Blönduósþæjar - 29. fundur
haldinn í fundarsal að Hnjúkabyggð 33, 1. júlí 2015
og hófst kl. 17:00**

Fundinn sátu:

Guðmundur Haukur Jakobsson, varaformaður
Zophonías Ari Lárusson, formaður
Oddný María Gunnarsdóttir, aðalmaður

Fundargerð ritaði: Ágúst Þór Bragason, fundarritari

Dagskrá:

1. Fundargerð Róta bs. - stjórnarfundur 15. júní - 1506039

Fundargerð stjórnar Róta bs frá 15. júní 2015 lögð fram til kynningar.

2. Fundargerð Fjölbrautaskóla Norðurlands vestra frá 9. júní 2015 - 1506040

Fundargerð stjórnar Fjölbrautaskóla Norðurlands vestra frá 9. júní 2015 lögð fram til kynningar.

3. Jafnréttisstefna Blönduósþæjar 2014-2018 - 1506041

Byggðaráð fór yfir jafnréttisstefnuna og gerði minniháttar leiðréttingar á orðalagi. Byggðaráð samþykkir framlagða jafnréttisstefnu Blönduósþæjar 2014-2018. Markmið jafnréttisstefnu er að stuðla að jafnari þátttöku kvenna og karla á öllum sviðum samfélagsins og byggir hún á lögum um jafna stöðu og jafnan rétt kvenna og karla nr. 96/2000.

4. Umsókn um hljóðfæranám á miðstigi - 1506029

Byggðaráð samþykkir umsókn um hljóðfæranám fyrir einn einstakling á miðstigi við Tónlistarskólann á Akureyri samanber bréf dags 11. júní 2015 og mun sækja um endurgreiðslu frá Jöfnunarsjóði á móti þeim greiðslum eins og reglur kveða á um.

5. Umsögn vegna endurnýjunar á leyfi fyrir Textílsetur Íslands - 1506038

Byggðaráð veitir jákvæða umsögn við erindi Sýslumannsins á Norðurlandi vestra dags 22. maí 2015, vegna endurnýjunar á leyfi til að reka gististað í II flokki að Árbraut 31, (Kvennaskólanum) Blönduósi.

6. Útboð á skólamáltíðum - 1506042

Tilboð í skólamáltíðir voru opnuð þann 3. júní sl. 3 tilboð bárust og eitt frávikstilboð. Boðið var í staka máltíð og voru tilboðin eftirfarandi:

- 1. Stóri Björn ehf. 654 kr. m/vsk*
- 2. Wave ehf. 1090 kr. m/vsk*
- 3. Ömmukaffi ehf. 850 kr. m/vsk*
- 4. Stóri Björn ehf, frávikstilboð 719 kr. m/vsk*



Byggðaráð samþykkir að tillögu skólastjórnenda að fela sveitarstjóra og skólastjórnendum að taka upp viðræður við lægstbjóðenda.

7. Minnisvarði um Sigurð Jónasson - 1507001

Byggðaráð samþykkir að koma að uppsetningu minnisvarða um Sigurð Jónasson (1863-1887) frá Eyjólfsstöðum í Vatnsdal en hann þýddi bókina Kúgun kvenna þar sem bent var á stöðu kvenna um aldamótin 1900. Í tilefni af 100 ára afmæli kosningaréttar kvenna hefur hópur aðila undir forustu Þórs Jakobssonar tekið sig saman um að minnast þeirra tímamóta með uppsetningu minnisvarða sem staðsettur verður á Þríhyrnunni á gatnamótum Húnabrautar og Árbrautar á Blönduósi.

Fleira ekki gert. Fundi slitið kl. 18:30
